

## G J A L D S K R Á

### Hitaveitu Flúða og nágreennis.

#### 1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

#### 2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

#### 3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 2 298.00 á mánuði fyrir aðalhemil, fyrir gróðurhús og kr. 1 469.00 á mánuði fyrir önnur hús.
- b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 170.00 á mánuði og kr. 816.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulíttra.
- c) Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar og geymslu-húsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: Fyrir hvern rúmmetra kr. 6.00 á mánuði.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

#### 5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 95 200.00.

Hús 300—2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 95 200.00 fyrir 300 m<sup>3</sup> og kr. 71.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 217 600.00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 60.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir aðalrennslisshemil umfram einn á sama inntaki er kr. 12 240.00.

Heimæðagjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m<sup>2</sup> skal greiða kr. 95 200.00.

Gróðurhús stærri en 200 m<sup>2</sup> skal greiða kr. 95 200.00 fyrir 200 m<sup>2</sup> og kr. 157.00 fyrir hvern fermetra umfram 200 m<sup>2</sup>.

**6. gr.**

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar nóv.-des. 1975 sem var 1986 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

**7. gr.**

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

**8. gr.**

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

**9. gr.**

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í van-skilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

**10. gr.**

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hita-kerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir-mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

**11. gr.**

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskamti skulu greiða eftir áætl-uðum hámarksskamti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 320 10. júlí 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1976.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**REGLUGERÐ****um gatnagerðargjöld B í Akraneskaupstað.****1. gr.**

Bæjarstjórn Akraness leggur gatnagerðargjöld á lóðir í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Heimilt er að leggja gatna-gerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

**2. gr.**

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og til frágangs gangstétta.